

Miðvikudaginn 26. september 1990.

Nr. 430/1989. **Lúðvík Gizurarson**

(sjálfur)

gegn

Bergsteini Gizurarsyni,

Sigurði Gizurarsyni

og

Ragnari Halldóri Hall skiptaráðanda

vegna dánarbús Ólafs Bergsteinssonar

og

Sigríði Gizurardóttur til réttargæslu.

Erfðaskrá. Stefnbirting. Frávísun frá Hæstarétti að hluta.
Skriflega flutt mál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 11. júlí 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 22. júní sama ár samkvæmt heimild í 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Með dómi 12. október 1989 var málinu vísað frá Hæstarétti. Áfrýjandi áfrýjaði málinu að nýju með stefnu 31. sama mánaðar samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973.

Áfrýjandi krefst þess, að sér verði einum dæmdur allur arfur eftir Ólaf Bergsteinsson.

Enginn hinna stefndu sótti þing í málinu við fyrirtöku þess.

Málið er flutt skriflega samkvæmt heimild í 2. mgr. 47. gr. laga nr. 75/1973 og dæmt eftir fram lögðum skilríkjum.

I.

Stefndi Sigurður Gizurarson og réttargæslustefnda, Sigríður Gizurardóttir, hafa bæði áritað áfrýjunarstefnu um „löglega“ birtingu. Þessi birtingarháttur er andstæður ákvæðum 92. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973. Nú hefur hvorugt þeirra sótt þing fyrir Hæstarétti, og ber að vísa málinu frá Hæstarétti, hvað þau varðar.

Stefndu Bergsteini Gizurarsyni og Ragnari Halldóri Hall skiptaráðanda vegna dánarbús Ólafs Bergsteinssonar hefur verið löglega stefnt fyrir Hæstarétt.

Eins og málið nú liggur fyrir, verður einungis um það dæmt, hvort áfrýjandi fái þann arf eftir Ólaf Bergsteinsson, sem samkvæmt erfðaskrá hans átti að renna til stefnda Bergsteins Gizurarsonar.

Í þessu máli verður eigi dæmt um fjárskipti áfrýjanda og stefnda Bergsteins Gizurarsonar né um hugsanlegar kröfur áfrýjanda í dánarbú Ólafs Bergsteinssonar, enda skipta þessi atriði ekki máli um arftökurétt áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar verður staðfest sú niðurstaða hans, að stefndi Bergsteinn Gizurarson erfi fjórðung eigna í dánarbúi Ólafs Bergsteinssonar, og er kröfu áfrýjanda þannig hafnað.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti hvað varðar stefnda Sigurð Gizurarson og réttargæslustefndu, Sigríði Gizurar-dóttur.

Staðfest er sú niðurstaða hins áfrýjaða úrskurðar, að stefndi Bergsteinn Gizurarson erfi fjórðung eigna Ólafs Bergsteins-sonar og kröfu áfrýjanda, Lúðvíks Gizurarsonar, þannig hafnað.

Úrskurður skiptaréttar Árnassýslu 16. janúar 1988.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 11. janúar 1988.

Tildrög þess eru þau, að hinn 6. júní 1986 lést Ólafur Bergsteinsson, sem síðast átti lögheimili að Árgilsstöðum í Hvolhreppi, Rangárvallasýslu. Dánarbúið var tekið til opinberra skipta 8. desember 1986. Við skipta-meðferð búsins hefur komið upp ágreiningur með aðiljum að skiptunum um það, hvernig búinu skuli skipt.

Sóknaraðili, Lúðvík Gizurarson, Grenimel 20, Reykjavík, krefst þess, að

sér verði úrskurðaður allur arfur eftir Ólaf Bergsteinsson. Einnig krefst hann málskostnaðar.

Varnaraðilinn Bergsteinn Gizurarson, Kléppsvegi 92, Reykjavík, krefst þess, að kröfum sóknaraðilja verði hafnað að því leyti sem krafist sé stærri hluta af búinu en fyrir sé mælt um í erfðaskrá Ólafs Bergsteinssonar. Krefst hann þess, að við skipti á búinu verði erfðaskráin lögð til grundvallar og að hann fái samkvæmt því 1/4 hluta búsins í arf.

Varnaraðilinn Sigurður Gizurarson, Bjarkargrund 30, Akranesi, krefst þess, að við skiptin fái hann í sinn hlut 1/4 hluta eigna búsins.

Með úrskurði, uppkveðnum 8. desember 1986, vék hinn reglulegi skiptaráðandi í Rangárvallasýslu sæti við meðferð búsins. Hinn 5. janúar 1987 var Ragnar Halldór Hall borgarfégeti skipaður setuskiptaráðandi í búinu, og kveður hann upp úrskurð þennan.

Sáttaumleitanir dómarans hafa engan árangur borið.

II.

Fyrir liggur í málinu svohljóðandi erfðaskrá:

„Ég Ólafur Bergsteinsson, Árgilsstöðum, Hvolhreppi, Rangárvallasýslu ánafna hér með þeim: Lúðvík, Bergsteini, og Sigurði Gizurarsonum og Sigríði Gizurardóttur, öllum í Reykjavík öllum eignum mínum eftir minn dag, en eignir mínar eru aðallega jörðin Árgilsstaðir (suðurbær) ásamt búslóð og mannvirkjum. Skulu þessi bróðurbörn erfa mig að jöfnu.

Jafnframt þessu taka þau að sér að greiða afborganir og vexti af áhvilandi veðskuldum á jörðinni eins og þær eru í dag, enda hafa þau gert það undanfarin ár eins og samkomulag hefir verið um á hverjum tíma.

Reykjavík 14. júlí 1968.

Ólafur Bergsteinsson (sign.).

Erum samþykkt ofanrituðu:

Lúðvík Gizurarson (sign.)

Bergsteinn Gizurarson (sign.).“

Á skrána er ritað arfleiðsluvottorð.

Sóknaraðili setti á skiptafundi hinn 5. ágúst sl. fram þá kröfu, að hann tæki allan arf úr búinu. Aðrir, sem tilgreindir eru sem erfingjar í erfðaskránni, hafa gert kröfu um, að hvert þeirra um sig, svo og sóknaraðili, hljóti 1/4 hluta búsins í arf. Var þá ákveðinn rekstur máls þessa, og lagði sóknaraðili fram greinargerð sína á dómþingi hinn 17. sama mánaðar.

Í þinghaldi hinn 31. ágúst sl. voru lagðar fram greinargerðir varnaraðiljanna Bergsteins og Sigurðar Gizurarsona, en Sigríður Gizurardóttir lýsti þá yfir, að hún myndi ekki taka þátt í rekstri ágreiningsmálsins, þó svo að hún hafi lýst arfstilkalli í búið.

Varnaraðilinn Sigurður Gizurarson hefur ekki sótt þing í málinu, eftir

að hann lagði fram greinargerð sína, og er málið, að því er hann varðar, úrskurðað samkvæmt fram komnum skjölum og skilríkjum samkvæmt meginreglu 118. gr. laga nr. 85/1936.

III.

Kröfu sína um að hljóta í arf allar eignir búsins reisir sóknaraðili „á erfðaskrá Ólafs, vilja hans að ég fengi einn arf, samkomulagi okkar haustið 1968, en til vara er um endurkröfu á fjárhagsstuðningi að ræða“, eins og segir í greinargerð hans. Er þar í mjög löngu máli frásögn sóknaraðilja af fjárhagslegum stuðningi hans við Ólaf heitinn og samskiptum hans við systkini sín, aðallega varnaraðiljann Bergstein, vegna málefna Ólafs og raunar af mörgum öðrum tilefnum.

Sóknaraðili heldur því fram, að erfðaskráin sé skilyrt, þannig að til þess að viðkomandi geti hlotið arf úr búinu, hafi hann/hún þurft að greiða „sinn“ hluta af skuldum Ólafs. Sigurður og Sigríður Bergsteinsbörn hafi aldrei gengist undir þetta skilyrði og aldrei veitt Ólafi neina fjárhagsaðstoð. Bergsteinn hafi að visu undirritað skjalið og með því tekist á hendur ábyrgð samkvæmt því, en hann hafi aldrei staðið við það að veita Ólafi fjárhagsstuðning.

Sóknaraðili lýsir í greinargerð sinni aðdraganda að gerð erfðaskrár Ólafs Bergsteinssonar. Segir þar m.a.:

„Ólafur bað mig að gera þessa erfðaskrá, sem liggur frammi. Gerði hann þó það að tillögu sinni og sagði það vilja sinn að ég tæki einn allan arf eftir hann. Ólafur hafði ítrekað (sic) lofað mér endurgreiðslu með erfðaskrá, þegar ég hjálpaði honum fjárhagslega, og nú ætlaði hann að efna það loforð, sem svo oft hafði verið gefið. Hjálp mín hafði þarna staðið í 12-13 ár.

Ég kom nú með þá tillögu að Bergsteinn, Sigurður og Sigríður væru sett með mér og tækjum við jafnan arf. Einnig var það tillaga mín, að enn væri reynt að fá samstöðu um hjálp við Ólaf, og áttum við öll að lýsa yfir almennum stuðningi við Ólaf, bæði fjárhagslegum og öðrum, þannig að Ólafur gæti búið á Árgilsstöðum til æviloka eins og hann vildi. Hugsunin á bak við þetta var sú sama og áður, að fjárhagsaðstoð við Ólaf væri skipt í fjóra jafna parta og greiddum við systkinin jafnt og fengjum jafnan arf. Ég var búinn að greiða ansi mikið og átti Ólafur að vera vel birgur, ef hann átti von á þeirri upphæð þrefaldri framreiknaðri samkvæmt verðbólgu til viðbótar fyrri stuðningi mínum. Vildi ég með þessu telja kjark í Ólaf í veikindum hans og fá hann til að gefast ekki upp eins og hann talaði nú oft um að gera

Ólafur var á móti að setja Bergstein, Sigurð og Sigríði inn í arfleiðsluskrána og taldi svona almenna stuðningsyfirlýsingu of loðna. Bergsteinn

myndi t.d. snúa út úr henni og ekkert borga. Það gæti hver séð. Ólafur lét samt undan mér og setti Bergstein, Sigurð og Sigríði inn sem erfingja, en hann réð því, að greiðsluloforðið var þrengt og einungis (*í bili*) látið ná yfir árgjöldin til Búnaðarbankans, en þau voru þekkt stærð, sem ekki var snúið út úr. Þannig var erfðaskráin gerð Ólafur var ekki alveg ánægður með þetta

Það var á mörkunum að ég bakaði mér óvild Ólafs með því að þrýsta svona fast á eftir því, að Bergsteinn (Sigurður og Sigríður) væru sett þarna inn, en það var gert með þeim fyrirvara, að samkomulag tækist um að skipta hjálp við Ólaf á milli allra fjögurra

Síðan rekur sóknaraðili í greinargerðinni, að hann hafi að ósk Ólafs heitins farið nokkru eftir gerð erfðaskrárinnar og óskað eftir framlagi frá varnaraðiljanum Bergsteini til að greiða ákveðin árgjöld af jörðinni, sem fallin voru í gjalddaga. Hafi því erindi verið með öllu synjað af hálfu Bergsteins. Síðan segir í greinargerðinni:

„Ég flutti Ólafi þetta, eins og það gerðist, og fór samtal okkar fram við skrifborðið á Árgilsstöðum. Ólafur sagðist laus allra mála við Bergstein með þessu svari hans og væri Bergsteinn ekki lengur erfingi samkvæmt erfðaskránni. Þessari tilraun með Bergstein (Sigurð og Sigríði) væri lokið, enda hefði hún frá upphafi verið óframkvæmanleg og hann alltaf á móti henni.“

Síðar í greinargerðinni segir m.a.:

„Ég hélt áfram að ræða við Ólaf og hann lét ýmsa óánægju í ljós. Hann sagðist hafa verið ánægður með aðstoð mína, þegar ég veitti hana einn, en ástandið væri óþolandi í dag. Þú hefur skrifað undir loforðið í arfleiðsluskránni um að greiða árgjöldin og hjálpa mér. Stendur þú við það að gera það einn og taka þá arf einn, þar sem Bergsteinn (Sigurður og Sigríður) er út úr dæminu. Ég sagðist þurfa frest til að svara því. Þennan frest vildi Ólafur ekki veita mér. Hann setti mér þá úrslitakosti, að hann væri laus allra mála við mig, ef ég segði ekki „já“ strax. Tók ég orð hans þannig, að þá gæfi hann jörðina, ef ég neitaði. Ég sagði þá „já“ og var sem Ólafi létti við það. Á hinn bóginn lét ég þess getið, að ég sagði aðeins „já“, þar sem ég hefði aldrei gengið á móti honum. Ég dró í efa getu mína til að bjarga öllum málum Ólafs aleinn eins og þau væru þá og einnig væri arfleiðsluskráin mér *ónóg trygging* eins og hún væri (og er). Á þetta vildi Ólafur ekki hlusta. Um leið og ég kvaddi Ólaf, sem var í fullri einlægni og vináttu, þá var þessu samkomulagi okkar handsalað: Ég skyldi aðstoða hann einn framvegis og tæki á móti einn allan arf. Þetta samkomulag stóð allar götur þar til Ólafur dó og vildi hann aldrei breyta því, þegar ég spurði hann um það, en það gerði ég oft.“

Í niðurlagi greinargerðar sóknaraðila segir m.a.:

„Kröfu mína um allan arf eftir Ólaf Bergsteinsson byggi ég á erfðaskrá hans, sem hann afhenti mér sem tryggingu fyrir endurgreiðslu fjárhagslegrar aðstoðar. Ég tók þessa aðstoð á mig einan og fæ því einn allan arf. Það var *vilji* Ólafs, að ég fengi einn allan arf. Það *vildi* hann, þegar erfðaskráin var gerð. Bergsteinn gekk út úr erfðaskránni haustið 1968, þegar hann dró greiðsluloforð sitt til baka. Sigurður og Sigríður urðu aldrei aðiljar að erfðaskránni, þótt það stæði til. Þau skrifuðu aldrei undir. Ólafur vildi það ekki eins og á stóð. Til vara er um *endurkröfu* að ræða. Ef fjárhagsaðstoð mín er framreiknuð með vísitölu og vöxtum að viðbættum áhættuþætti vegna þess, að mestar líkur voru til að ég fengi aldrei krónu til baka, þá kemur út mjög há fjárhæð. Hún er margfalt hærri en fjármunir í dánarbúi Ólafs Bergsteinssonar. Í rauninni liggur ekkert enn fyrir um það, að ég fái krónu endurgreidda. Einnig má benda á að *öll vinna* við að halda Ólafi gangandi hefur lent á mér. Ég hef lengi rekið sjálfstæða atvinnu og óteljandi sinnum eytt dögum og vikum í mál Ólafs með tilheyrandi vinnu- og tekjutapi.“

Loks heldur sóknaraðili því fram, að varnaraðilinn Bergsteinn hafi með ofbeldisaðgerðum, svikum og misneytingu gagnvart arfleiddanda fyrirgert hugsanlegum erfðarétti eftir hann.

IV.

Af hálfu varnaraðiljans Bergsteins Gizurarsonar eru kröfur á því reistar, að fyrir liggi fullgild erfðaskrá Ólafs heitins Bergsteinssonar, og beri að leggja hana til grundvallar skiptum á dánarbúi hans. Erfðaskrána hafi sóknaraðili samið fyrir Ólaf heitinn og geymt hana fyrir hann, allt frá því hún var gerð. Ef arfleiddandi hefði viljað breyta erfðaskránni til hagsbóta fyrir sóknaraðilja, hefðu verið hæg heimatökin fyrir hann og sóknaraðilja að ganga þannig frá málum. Sóknaraðili sé lögfræðingur að mennt, og honum hafi því verið ljóst, hvernig slíkum gerningi verði breytt, svo að gilt sé. Hins vegar hafi arfleiddandi aldrei ætlað sér að breyta erfðaskránni í þá átt.

Hann heldur því einnig fram, að hann hafi veitt Ólafi heitnum margháttða fjárhagslega aðstoð um margra ára skeið.

V.

Í greinargerð varnaraðiljans Sigurðar Gizurarsonar er á því byggt, að arfleiddandi hafi viljað, að hann erfði fjórðung eigna hans, og beri af þeirri ástæðu að fara eftir því. Kveðst varnaraðilinn aðeins einu sinni hafa verið beðinn að takast á hendur fjárhagslega aðstoð við arfleiddanda. Hafi hann orðið við þeirri beiðni og veitt þá aðstoð, sem um var beðið. Hann hafi aldrei í annan tíma verið beðinn um að aðstoða arfleiddanda fjárhagslega.

Úrlausnarefni máls þessa lýtur að því, hver eða hverjir skuli hljóta arf úr dánarbúi Ólafs Bergsteinssonar. Gildi erfðaskrár hans, sem undirrituð var í viðurvist tveggja arfleiðsluvotta hinn 14. júlí 1968, hefur ekki verið dregið í efa. Ekki er heldur deilt um hæfi arfleiðanda til að gera slíka skrá.

Skýra verður erfðaskrána á þann hátt, að arfleiðandi hafi treyst á, að erfingjar samkvæmt skránni myndu aðstoða hann við að greiða áhvilandi veðskuldir á eignarjörð hans, Árgilsstöðum í Hvolhreppi, ef hann þyrfti á slíkri aðstoð að halda. Þannig hafi viðkomandi, sem kunnugt var efni skrárinnar, mátt búast við því, að erfðaskránni yrði breytt þeim í óhag, ef þau skoruðust undan því að veita slíka aðstoð, þegar leitað yrði eftir henni.

Ekki verður á það fallist með sóknaraðilja, að eignum búsins eigi að útluta í samræmi við það, hverja fjárhagsaðstoð hver hinna tilgreindu erfingja samkvæmt skránni hafi látið arfleiðanda í té. Slík túlkun fær ekki stöð í orðalagi erfðaskrárinnar, og engin gögn liggja fyrir um það, að Ólafur heitinn hafi ætlast til þess, að erfðaskráin yrði túlkuð með þeim hætti.

Ekkert er fram komið í máli þessu, sem bendir til þess, að arfleiðandi hafi talið einhvern erfingjanna hafa brugðist sér svo í fjárhagslegu tilliti, að hann teldi forsendu vera brostna fyrir arfleiðslu til viðkomandi. Verða kröfur sóknaraðilja því ekki teknar til greina á þeim grundvelli.

Samkvæmt 1. mgr. 40. gr. erfðalaga nr. 8/1962 skal erfðaskrá vera skrifleg, og skal arfleiðandi undirrita hana eða kannast við undirritun sína fyrir notario publico eða tveimur vottum. Af þessu ákvæði og gagnályktun frá 2. mgr. 45. gr. erfðalaga leiðir, að munnlegt samkomulag um arfleiðslu getur ekkert gildi haft. Verður því ekki fallist á þá málsástæðu sóknaraðilja, að hann eigi að hljóta allan arf úr búinu á grundvelli slíks samkomulags við arfleiðanda.

Sú málsástæða sóknaraðilja, að arfleiðandi hafi gert erfðaskrána og afhent sóknaraðilja hana „til tryggingar“ vegna fjárhagsaðstoðar sóknaraðilja við hann, er algerlega út í hött. Verður ekki séð, með hvaða hætti erfðaskrá eins og sú, sem hér um ræðir, sem Ólafur heitinn gat afturkallað einhliða, hvenær sem honum sýndist, hafi getað þjónað tilgangi sem tryggingarskjal í slíku sambandi. Erfðaskrá er samkvæmt erfðalögum ætlað að gilda um ráðstöfun eigna manns eftir andlát hans, en ekki að vera tryggingarskjal í lögskiptum inter vivos.

Varakrafa sóknaraðilja um, að hann hljóti allan arf úr dánarbúinu sem endurgjald fyrir veitta fjárhagsaðstoð, er engum haldbærum lagarökum studd. Fjárkröfur á hendur dánarbúi geta undir engum kringumstæðum orðið grundvöllur arfskröfu í bú, og verður kröfu sóknaraðilja á þeim grundvelli ekki sinnt.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður krafa sóknaraðilja um allan arf úr dánarbúinu ekki tekin til greina.

Sú krafa sóknaraðilja, að varnaraðilinn Bergsteinn Gizurarson teljist hafa fyrirgert erfðarétti eftir Ólaf Bergsteinsson, er reist á frásögn sóknaraðilja í greinargerð hans. Verður sú frásögn ekki rakin hér. Erfðarétti eftir tiltekinn mann vegna slíkra atvika verður erfingi ekki sviptur með úrskurði í skiptaréttarmáli, heldur verður þar að koma til dómur í opinberu máli á hendur viðkomandi aðilja, sbr. 5. tölulið 2. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Er því ekki haldið fram í málinu, að von sé á slíkum dómi, og verður þessari kröfu því ekki sinnt.

Það er því niðurstaða máls þessa, að erfðaskrá Ólafs Bergsteinssonar, dagsett 14. júlí 1968, verður lögð til grundvallar skiptum á dánarbúi hans. Samkvæmt ákvæðum hennar hlýtur hver aðilja máls þessa 1/4 hluta eftirlátinna eigna hans.

Varnaraðiljar hafa ekki krafist málskostnaðar í ágreiningsmáli þessu.

Af hálfu sóknaraðilja og varnaraðiljans Bergsteins Gizurarsonar hafa verið lögð fram í málinu fjölmörg skjöl, sem varða ágreiningsefni þessara málsaðilja út af allt öðrum lögskiptum en þeim, sem þýðingu hafa fyrir úrlausnarefni í máli þessu. Bergsteinn er ólöglærður og hefur flutt mál sitt sjálfur og notið í því sambandi ítarlegra leiðbeininga dómarans um gagnaðflun í málinu, en ekki sinnt þeim nema að takmörkuðu leyti. Um er að ræða verulegan skriflegan málflutning í gögnum, sem þessir málsaðiljar hafa lagt fram, og er þessi háttur á málátilbúnaði og málsreifun stórlega vítaverður.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðilja í máli þessu, Lúðvíks Gizurarsonar, um, að hann skuli hljóta allan arf við skipti á dánarbúi Ólafs Bergsteinssonar, er hafnað.

Hver málsaðilja skal hljóta fjórðung arfs úr dánarbúinu.
